



Reykjavík, 30. september 2014

Lýsing hf. verður við kröfum Fjármálaeftirlitsins um upplýsingagjöf til viðskiptavina

Þann 20. ágúst 2014 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að dagsektir skyldu lagðar á Lýsingu að fjárhæð 200.000 krónur á dag, og skyldu þær leggjast á félagið átta dögum frá birtingu ákvörðunarinnar, ef ekki yrði orðið við kröfum Fjármálaeftirlitsins samkvæmt ákvörðun þess frá 11. september 2013.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 11. september 2013 laut að því að Lýsing veitti viðskiptavinum sem gert hefðu upp lán, sambærileg þeim sem um var fjallað í dómi Hæstaréttar í [máli nr. 672/2012](#), sömu upplýsingar og félagið hefði veitt viðskiptavinum með virk lán, enda væri um sambærilega samninga að ræða og möguleg krafa á grundvelli þeirra væri ekki fyrnd, sjá nánar [gagnsæistilkynningu Fjármálaeftirlitsins þann 20. desember 2013](#). Lýsing höfðaði mál á hendur Fjármálaeftirlitinu til ógildingar ákvörðuninni, en með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 13. júní 2014 var málinu vísað frá dómi og var frávísunarárskurðurinn staðfestur í Hæstarétti þann 18. ágúst 2014 í [máli nr. 460/2014](#).

Þann 29. ágúst sl. tilkynnti Lýsing Fjármálaeftirlitinu að félagið hefði orðið við kröfum eftirlitsins frá 11. september 2013 og upplýst þá viðskiptavinum sem gert hefðu upp lánasamninga, sambærilega þeim sem fjallað var um í dómi Hæstaréttar nr. 672/2012, um dóminn. Að mati Fjármálaeftirlitsins hafa umræddir viðskiptavinir Lýsingar verið upplýstir með sambærilegum hætti og viðskiptavinir félagsins með virka samninga. Fjármálaeftirlitið telur að Lýsing hafi uppfyllt skilyrði ákvörðunarinnar og kemur því ekki til þess að dagsektir leggjast á Lýsingu.

Telji viðskiptavinir að samningar þeirra falli undir fordæmisgildi dóms Hæstaréttar í máli nr. 672/2012 og að þeir eigi endurkröfurétt, vegna þess að þar hafi ekki verið kveðið nægjanlega skýrt á um að sá hluti samninganna sem var í íslenskum krónum væri verðtryggður, er þeim bent á gera skriflega athugasemd og óska eftir leiðréttingu á greiðslum gagnvart félaginu.

Bent er á að Fjármálaeftirlitið tekur ekki afstöðu til kröfuréttarlegra álitaefna um hvort endurkröfuréttur hafi stofnast í einhverjum tilvikum.